


1.4 Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur



Rekstur USK (m.kr.)	Raun 2024	Áætlun 2024	Frávik	%
Tekjur	64	93	-29	-30,8%
Laun og launat. gj.	169	162	7	4,3%
Annar rekstrark.	21	15	6	41,7%
Nettó útgjöld	126	84	42	49,8%

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur janúar – júní 2024 í samanburði við fjárheimildir tímabilsins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa frávik frá raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

Nettó útgjöld eftirlitsins voru 126 m.kr. eða 42 m.kr. umfram fjárheimildir tímabilsins eða um 49,8%.

Tekjur voru 64 m.kr. sem var 29 m.kr. innan áætlunar tímabilsins eða um 30,8%. Tekjur **matvælaeftirlits** voru 11 m.kr. innan áætlunar og tekjur **umhverfiseftirlits** voru 18 m.kr. innan áætlun tímabilsins.

Laun og launatengd gjöld námu 169 m.kr. sem var 7 m.kr. umfram fjárheimildir tímabilsins eða um 4,3%. Launakostnaður **matvælaeftirlits** var 4 m.kr. umfram fjárheimildir og **umhverfiseftirlitið** var 2 m.kr. umfram fjárheimildir tímabilsins.

Annar rekstrarkostnaður nam 21 m.kr. sem var 6 m.kr. umfram fjárheimildir tímabilsins. **Skrifstofa heilbrigðiseftirlits** var 2 m.kr. umfram fjárheimildir og **matvælaeftirlitið** var 4 m.kr. umfram fjárheimildir tímabilsins.

Málaflokkar USK (m.kr.)	Tekjur	Áætlun 2024	Frávik	Laun og launatengd gjöld	Áætlun 2024	Frávik	Annar kostnaður	Áætlun 2024	Frávik	Nettó útgjöld	Áætlun 2024	Frávik	%
Skrifstofa heilbrigðiseftirlits	0	0	0	17	16	1	4	2	2	21	18	3	16,5%
Matvælaeftirlit	37	48	-11	64	60	4	13	9	4	40	21	19	88,7%
Umhverfiseftirlit	28	45	-18	74	72	2	2	2	0	49	29	19	66,5%
Vöktun	0	0	0	15	15	0	2	2	1	17	16	1	4,7%
Samtals	64	93	-29	169	162	7	21	15	6	126	84	42	49,8%